

66. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn miðvikudaginn 30. september 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 14:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir í forföllum Hermanns Inga Gunnarssonar, Þorsteinn Ægir Egilsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Axel Grettisson boðaði forföll.

1. Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Díana Jóhannsdóttir og Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjórar SSNE mættu til fundarins og kynntu drög að nýrri Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029 og upplegg fyrir vinnustofu Sóknaráætlunar á haustþingi SSNE sem haldið verður 4. október næstkomandi. Einnig rætt um næstu skref varðandi Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029 í kjölfar haustþingsins.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

2. Óendurskoðað milliuppgjör og uppfærð fjárhagsáætlun 2024-2027

Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri mætti til fundarins og kynnti óendurskoðað milliuppgjör og uppfærða fjárhagsáætlun 2024-2027.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og staðfestir uppfærða fjárhagsáætlun 2024-2027.

3. Trúnaðarmál

Trúnaðarmál rætt og fært í trúnaðarmálabók.

4. Haustþing SSNE og starfsáætlun 2025

Lögð fram dagskrá haustþings SSNE sem áður var samþykkt í tölvupósti. Einnig lögð fram drög að starfsáætlun ársins 2025.

Stjórn staðfestir áður samþykktu dagskrá haustþings SSNE. Stjórn samþykkir jafnframt drög að starfsáætlun ársins 2025 til bráðabirgða og felur framkvæmdastjóra að vinna hana áfram í samræmi við nýja Sóknaráætlun þegar hún liggur fyrir og leggja aftur til samþykktar á stjórnarfundum síðar í haust.

5. Samningur um Sóknaráætlun 2025-2029

Lögð fram drög að samningi um Sóknaráætlun 2025-2029 milli innviðaráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis og SSNE.

Stjórn samþykkir samninginn af sinni hálfu og felur framkvæmdastjóra að undirrita

samninginn fyrir hönd SSNE, en ítrekar áherslu sína á að framlög til Sóknaaráætlana landshlutanna verði ekki skert eins og nú er útlit fyrir að verði gert.

6. Tillaga starfs- og fjárhagsáætlunar úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra

Lögð fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra. Einnig rætt um skiptingu fjármagns Sóknaaráætlunar milli uppbyggingarsjóðs og áhersluverkefna Sóknaaráætlana.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu.

7. Samningur við Þingeyjarsveit

Lögð fram drög að samningi til tveggja ára við Þingeyjarsveit um sameiginlegan starfsmann með aðstöðu á Gíg.

Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

8. Áhersluverkefni Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra

Lögð fram tillaga um að Hönnunarþing á Húsavík verði styrkt sem áhersluverkefni Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra 2024.

Stjórn samþykkir að leggja til Hönnunarþing á Húsavík verði áhersluverkefni Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra að upphæð 1,5 m.kr. á þessu ári.

Helena Eydís Ingólfssdóttir tók við stjórn fundarins kl. 16:13.

9. Mál til umsagnar

a. [Fjárlög 2025, 1. mál.](#)

Lögð fram drög að umsögn um fjárlög 2025.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram og senda til samþykktar í tölvupósti.

10. Mál til kynningar

a. [Fundargerð 98. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um Byggðamál.](#)

b. [Fundargerð 237. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.](#)

c. [Fjárhagsáætlun Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra 2025.](#)

d. [Greinargerð sóknaaráætlana 2023.](#)

e. [Málefni Flugklasans – staðan í dag.](#)

f. [Ívilnanaheimildir Menntasjóðs námsmanna.](#)

g. [Fundargerð 613. fundar stjórnar SASS.](#)

11. Önnur mál

a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fór yfir það sem helsta úr starfsemi samtakanna frá síðasta stjórnarfundu.

Fundi slitið kl. 16:50.